**málning**

# STEINAKRÝL




**STEINAKRÝL** er terpentínuþynnanleg akrýlmálning, sem þornar eingöngu við uppgufun leysiefna.

**STEINAKRÝL** er sérstaklega hannað til notkunar á múr og steinsteypta fleti utanhúss við íslenskar aðstæður. **STEINAKRÝL** er mjög veðurheldið, hefur frábært alkalíþol og viðloðun við stein, er ágætlega þétt gegn vatni (slagregni) en hleypir þó auðveldlega í gegnum sig raka úr steinveggjum.

> ”
>
> STEINAKRÝL er sérstaklega hannað til notkunar á múr og steinsteypta fleti utanhúss við íslenskar aðstæður.

Þolir að málað sé við lágt hitastig (a.m.k. 10 stiga frost). Þolir regn fljótlega eftir málun. Er sjálfgrunnandi, þ.e. sérstök grunnun með BINDILAKKI eða „festi" er óþörf í flestum tilvikum, þó um dufts-mitandi fleti sé að ræða.

**Litir:**
**STEINAKRÝL** er framleitt í um 10 STAÐALLITUM og að auki má fá mikinn fjölda lita með litun í stofnum.

**Áferð:**
Slétt, mött.

**Málun:**
Nota má pensil, rúllu eða sprautu. **STEINAKRÝL** hentar sérlega vel til rúllunar beint á stein. Á beran stein er ráðlegt að fara 2 umferðir.

**Varúðarflokkur:**
2 - 1.

**Þynnir:**
MÍNERALTERPENTÍNA, ef þörf krefur.

**Hreinsun áhalda:**
MÍNERALTERPENTÍNA.

**Þurrktími:**
Um 1,5-2 klst.við 20°C.

**Yfirmálun:**
Eftir minnst 8-16 klst.

**Þykkt (flæðiseigja):**
Um 110-120 KU (25°C).

**Eðlismassi:**
Um 1,4 g/ml við (25°C), svolítið breyti-legt eftir lit.

**Þurrefni:**
Um 70% af massa eða um 45% af rúm-máli (reiknað), svolítið breytilegt eftir lit.

**Efnisnotkun:**
Um 0,17 l/m2 í umferð, samsvarar um 75 µm meðalþurrfilmuþykkt.

**Hitastig við málun:**
A.m.k. -10°C til + 30°C. Flöturinn skal þó vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins

*Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.*